

## Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts - drög að ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts hefur tekið til umsagnar drög að ljósvistarstefnu fyrir borgina. Ráðið er hlynnt breytingum sem miða að hagkvæmari og vistvænni ljóslausnum í borgarlandinu. Vill ráðið benda sérstaklega á eftirfarandi atriði sem varðar hverfið sérstaklega:

- Árbæjarhverfi virðist heldur aftarlega á merinni þegar endurnýjun ljósa og LED væðing er annars vegar og lýsir áhyggjum sínum af, að svo skuli vera. Ráðið sér ekki ástæðu til annars en að þessi þáttur sé á svipuðu róli í Árbænum sem og annars staðar.
- Ráðið telur mikilvægt að horft sé sérstaklega til bættrar lýsingar fyrir gangandi vegfarendur við götupveranir t.d. í nágrenni skóla. Þarna telur ráðið að nokkuð vanti uppá að ástandið sé viðunandi innan hverfisins.

Í ljósi þess að mjög stór, opin og náttúruleg útivistarsvæði eins og Elliðaárdalur, Rauðavatn og Austurheiðar eru tengd hverfinu vill ráðið beina því til hönnuða að við skipulag lýsingar á slíkum svæðum sé horft bæði til öryggis- og umhverfissjónarmiða. Þannig telur ráðið mikilvægt að ljósmengun á slíkum svæðum sé í hófi þegar svæðin eru ekki í notkun. Í því sambandi má t.d. benda á notkun snjalllýsingar sem eykur birtustig þegar stígar eru notaðir en dregur úr lýsingu þess á milli.